

## Ed. 117. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um rannsókn á vandamálum landsbyggðarinnar vegna kostnaðar við vöruflutninga.

Flm.: Björn Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta fara fram sérfræðilega rannsókn á þeim vanda, sem kostnaður vegna vöruflutninga skapar íbúum þeirra byggðarlaga, sem fjarlæg eru höfuðborgarsvæðinu, og hvernig helzt megi leysa hann. Skal rannsóknin einkum beinast að eftirfarandi:

1. Að upplýst verði að fullu, hver áhrif flutningavandamálið hefur til hækkunar á almennan framfærslukostnað miðað við neytluvöruverð á höfuðborgarsvæðinu.
2. Að upplýst verði, hvern kostnaðarauka einstakar atvinnugreinar bera vegna kostnaðar við vöruflutninga til byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins og hvern aðstöðumun hann skapar.
3. Að gaumgæfa, hver úrræði eru tiltækust til lausnar vöruflutningavandamálum landsbyggðarinnar og helzt gætu jafnað þá mismunun, sem hann orsakar, þannig að hún leiði ekki til óæskilegrar röskunar á byggðajafnvægi og hindri eðlilega byggðaðróun. Skal m. a. athuga, hverju fjölgun innflutningshafna á heppilegum stöðum mundi orka til aðstöðujöfnunar og hvernig lækka mætti kostnað við vöruflutninga með breyttu og bættu skipulagi flutninga á sjó, landi og í lofti. Enn fremur, hvort eða hver aðstoð af opinberri hálfu væri nauðsynleg, til þess að fullum aðstöðujöfnuði yrði náð, að öðrum tiltækum aðgerðum framkvæmdum.

### Greinargerð.

Meginhluti allra vöruflutninga til landsins fer nú fram um Reykjavíkurböfn, en vörunum síðan dreift þaðan um allar byggðir landsins, oft með ærnum kostnaði. Leiðir þetta af sér stórfellt hærra verðlag fjölmargra vörutegunda, jafnt þeirra, sem til almennrar neytlu eru ætlaðar, sem rekstrarnauðsynja atvinnuveganna. Mun ekki ofmælt, að slíkur aukakostnaður geti numið allt að 20—30% af endanlegu verðlagi á notkunarstað. Er hér því um að ræða eitt hið mikilvægasta grundvallaratriði í rekstri fjölmargra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins. Í ýmsum greinum, einkallega iðnaðarframleiðslu, kemur svo enn til kostnaðar við flutning framleiðslunnar á markað. Er hér því vafalaust um að ræða aðstæður og vanda, sem miklu geta ráðið um staðsetningu atvinnufyrirtækja og þar með almenna byggðaðróun í landinu.

Í annan stað veldur svo kostnaður við flutning neytluvara mjög verulegri hækkun framfærslukostnaðar alls almennings umfram þann, sem íbúar höfuðborgarsvæðisins búa við, og þar með beinum lífskjaramun, sem telja verður óæskilegan og ranglátan, en kaupgjaldsmismunur til jöfnunar er enginn, enda engar hagrænar forsendur fyrir slíku fyrir hendi.

Hvort sem litið er því til beinna hagsmuna almennings, rekstrargrundvallar ýmissa atvinnugreina eða heildarhagsmuna þjóðfélagsins, ber því allt að þeim brunni, að hér sé um að ræða eitt hinna mikilvægustu málefni fyrir þróun atvinnulífsins og byggðarlaganna utan höfuðborgarsvæðisins. Sé því svo, að sú stefna eigi í raun byr og fylgi meðal þjóðarinnar og stjórn málaflökkanna, að hér bresti ekki á alvarleg og örlagarík röskun byggðajafnvægis, svo að til öngþveitis horfi, hljóta því að koma til gagngerðar ráðstafanir varðandi þau efni, sem hér er fjallað um. Þær ráðstafanir verða að vera byggðar á gaumgæfilegri rannsókn og langtíma sjónarmiðum um hagkvæma þróun íslenzkra byggða.

Hér er að vísu aðeins um að ræða einn þátt í því að leitast við að skapa það jafnrétti þegnanna og byggðanna, sem eitt getur tryggt farsæla byggðaðróun í landinu. En takist að leysa þann þátt vandans, munu aðrir reynast auðleystari. Er þess því að vænta, að tillaga þessi hljóti greiða afgreiðslu í hv. þingdeild.